

Á g r i p

af sýslusjóðsreikningum í Vesturamtinu 1893. (Framh.).

85

VI. Ísafjarðarsýsla.

Tekjur:		Kr.	aur.
1. Eptirstöðvar frá f. á.		3583	86
2. Niðurjöfnunargjald		1400	00
3. Vegagjald		1126	33
		<u>6110</u>	<u>19</u>
Gjöld:			
1. Sýslugjöld		1041	75
2. Vegabótakostnaður		892	10
3. Eptirstöðvar til næsta árs:	Kr. aur.		
a. Niðurjöfnunargjald	576 67		
b. Sýsluvegagjald	3699 67	4276	34
		<u>6110</u>	<u>19</u>

VII. Strandasýsla.

Tekjur:		Kr.	aur.
1. Eptirstöðvar frá f. á.		250	61
2. Niðurjöfnunargjald		378	15
3. Vegagjald		369	48
		<u>998</u>	<u>24</u>
Gjöld:			
1. Sýslugjöld		338	00
2. Vegabótakostnaður		326	89
3. Eptirstöðvar til næsta árs:	Kr. aur.		
a. Niðurjöfnunargjald	282 98		
b. Vegagjald	50 37	333	35
		<u>998</u>	<u>24</u>

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 7. ágúst 1894.

J. Havsteen.

86

Reikningur

yfir tekjur og gjöld bókasafns Norðuramtsins 1893.

Tekjur:		Kr.	aur.
1. Í sjóði 1. jan. 1893		53	88
2. Styrkur úr landssjóði		200	00
3. — — jafnaðarsjóði		200	00
4. Tillög frá notendum safnsins		8	00
		<u>461</u>	<u>88</u>
Gjöld:			
1. Fyrir bækur		206	42
2. — bókasafnsstofuna, 8. afborgun		100	00
		<u>306</u>	<u>42</u>

24. dag októbermán. 1894.

86

	Flutt: 306 42
3. Bókavarðarlaun	50 00
4. Annar kostnaður	44 62
5. Í sjóði hjá gjaldkera	60 84
	461 88

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri, 9. maí 1894.

J. Havsteen.

87

Reglugjörð

fyrir

Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár um fjallskil og eyðing refa.

Amtsráðið í Austuramtinu

Gjörir kunnugt: Samkæmt lögum 22. mars 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, sbr. lög 24. nóv. 1893 um breyting á 3. gr. nefndra laga, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi reglugjörð fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, austan Jökulsár um fjallskil og eyðing refa, sem samin er af sýslunefndinni í í tjeðri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1895.

I. Kafi.

Um fjallskil o. fl.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla, austan Jökulsár, er eitt fjallskilafjelag og er hver hreppur deild út af fyrir sig, sem aptur skiptist, þar sem þörf gjörist, í smærri deildir, eptir því sem landi og vatnsföllum hagar. Hreppsnefndirnar skipta hver sínum hreppi eptir samkomulagi hreppsúa í þessar smærri deildir og skal rita þær með tölu og ummerkjum í fjallskilabók hreppsins.

2. gr.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefur sýslunefndin á hendi samkvæmt tilsk. 4. maí 1872, en hreppsnefndirnar hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd í fjallskilamálum á hendi innbyrðis í deildunum.

3. gr.

Allt land skiptist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Svo getur og sýslunefndin ákveðið nýja afrjetti eptir uppástungum hreppsnefndanna, enda komi þær eigi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr.

Hver hreppsnefnd ákveður í sínum hrepp takmörkin á milli afrjetta og heimalanda, eptir að hún hefur borið sig saman um það við landeigendur og aðra, er hlut eiga að máli. — Verði ágreiningur millum hreppsnefndar og hlutadeiganda í tjeðu efni, skal leggja málið undir sýslunefndina til endilegs úrskurðar. — Síðan semur sýslunefndin skrá yfir allar afrjettir í sýslunni með